

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. lög nr. 99/1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 256 27. ágúst 1973, um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf C, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, sbr. lög nr. 8 frá 25. apríl 1973, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 26 13. mars 1973, um happdrættislán ríkissjóðs 1973, Skuldabréf B, vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

1. gr.

6. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að nota tölvu við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið skal útdráttur fara fram á vegum Reiknistofnunar Háskólans eftir reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 9. gr. laga nr. 99 frá 28. desember 1971, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1977.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.